



Alþingi  
Erindi nr. P 136/1370  
komudagur 19.3.2009

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2009

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með  
öryggi raforkuvirkja, neytluveitna og rafþanga frá Neytendastofu til**

**Brú Brunamálastofnunar, 430 mál.**

Samorka þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Samorka lýsir yfir stuðningi við þær breytingar sem felast í lögnum varðandi það, að rafmagnsöryggismálin færast frá Neytendastofu yfir til Brunamálastofnunar og væntanlega síðar til fyrirhugaðrar "Byggingastofnunar".

Í 3. gr. frumvarpsins lið a. er sagt: *Neytendastofa framkvæmir markaðsefirlit með rafþöngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.* Við bendum á að hugtakið, *varanlega tengd mannvirkjum* er ekki afdráttalaust hugtak og býður upp á ágreining. Það eru ýmis tæki, þar á meðal heimilistæki sem bjóða upp á val um fasttengingu, eða lausa tengingu við rafloagn húsa. Við þær aðstæður gæti eftirlit fallið undir báðar, eða hvoruga stofnunina.

Vegna þess skamma tíma sem gefinn er til athugasemda við frumvarpið, þá gerum við ekki tillögu um orðalagsbreytingu varðandi *varanlega tengd mannvirkjum* í 3. gr. en væntum þess, að þegar frumvarpið um Byggingarstofnun verður lagt fram, að þá gefist tækifæri til að endurmeta 3. gr. þessara laga.

Með virðingu

F.h. Samorku  
Sigurður Agústsson

**sart****SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í RAF- OG TÖLVUIDNAÐI**

Federation of Icelandic Electrical and Computer Employers

Borgartúni 35 · 105 Reykjavík · Iceland · Tel. +354 591 0150 · Fax +354 591 0155 · E-mail: sart@sart.is · www.sart.is

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1371  
komudagur 19. 3. 2009

**Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neyslueltna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.**

**Fundur í umhverfisnefnd, 19. mars 2009**

### **Minnisblað frá SART.**

Samtök rafverktaka hafa áður í mörgum ályktunum, umsögnum, bréfum og minnisblöðum til stjórnvalda og Alþingis mælt með flutningi málaflokksins „Rafmagnsöryggismál“ frá Neytendastofu til Byggingarstofnunar.

Við mælum jafnframt nú, með fyrirhuguðum flutningi málaflokksins til Brunamálastofnunar hvort heldur sem það verður til framtíðar eða sem millilending á leiðinni í Byggingarstofnun. Staða rafmagnsöryggis-sviðsins innan Neytendastofu er að okkar mati óviðunandi.

Afstaða samtakanna til þeirra hugmynda, að skipta upp raffangaeftirliti milli stofnana hefur jafnframt komið skýrt fram í öllum okkar erindum til stjórnvalda en þar mælum við eindregið gegn þeim hugmyndum og teljum að raffangaeftirlitið í heild sinni eigi að fylgja málflokknum, í þessu tilfelli til Brunamálastofnunar.

Við teljum hins vegar meiri hagsmuni fóligna í því að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi þannig að flutningur málaflokksins til Brunamálastofnunar nái fram að ganga hið allra fyrsta.

F.h. SART-Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

  
Ásbjörn R. Jóhannesson, framkvæmdastjóri

Landafélag Ísl. rafverktaka  
Borgartúni 35, 105 ReykjavíkFélag rafelnda- og tölvufyrirtækja  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík